


Deloitte.



Skattaslóð Brims hf.
& dótturfélaga á Íslandi

Skattar og opinber gjöld 2020



Inngangur

Um Brim hf.

- Brim hf. og dótturfélög þess hér á landi (Brim) er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins og jafnframt eitt það elsta en það á sér forsögu til ársins 1944.
- Hjá Brim starfa 744 starfsmenn í landi og á sjó miðað við ársverk ársins 2020. Starfsstöðvar félagsins í landi eru í Reykjavík, Akranesi, Vopnafirði og Hafnarfirði.
- Brim gerir út 3 frystiskip, 3 ísfiskstogara, 2 uppsjávarskip og einn línubát en starfsemi félagsins spannar alla virðisikeðju sjávarútvegs, þ.e. veiðar, vinnslu, sölu og dreifingu.
- Á árinu veiddu skip félagsins 46.500 tonn af botnfiski og 81.600 tonn af uppsjávarfiski. Samtals voru 51.700 þorksígildistonn veidd á árinu.
- Rekstrartekjur Brims á árinu 2020 námu 31,9 milljörðum króna samanborið við 32,7 milljarða króna árið 2019.
- Auk starfsemi Brims á Íslandi þá er félagið með starfsemi í Japan, Kína og Hong Kong, og selur samstæðan afurðir sínar til landa um allan heim.
- Hlutverk Brims er að hámarka á ábyrgan hátt verðmæti og arðsemi veiðiheimilda. Virðing fyrir umhverfinu og lífríki sjávar er grundvallargildi í allri starfsemi félagsins.



Um skattaslóðina

- Skattaslóð Brims inniheldur alla helstu skatta og opinber gjöld sem samstæðan greiðir eða innheimtir á Íslandi, ásamt mótframlagi í almenna lífeyrissjóði starfsmanna.
- Upplýsingar sem koma fram í skattaslóð Brims er ætlað að varpa ljósi á umfang þess sem rekstur Brims skilar til samfélagsins í formi lögbundinna gjalda.
- Brim skilar ýmsum öðrum verðmætum til samfélagsins í formi launa, styrkja og viðskipta innan íslenska hagkerfisins sem gerð eru frekari skil í samfélagsskýrslu Brims.



Framlag Brims til samfélagsins

Skattaslóð Brims 2020



Skattar og opinber gjöld 2020

Skattaslóð Brims 2020 (m.kr.)

Greiddir skattar og gjöld

Tekjuskattur	1.503
Veiðigjöld	454
Mótframlag í lífeyrissjóði	996
Tryggingagjald	650
Aðrir skattar og gjöld	
Fasteignagjöld	150
Gjöld í stéttarfélög	141
Kolefnisgjald	257
Bifreiðagjald	1
Gjöld til hafnarsjóða	
Aflagjöld	196
Vörugjöld	25
Hafnargjöld	4


Alls greiddir skattar og gjöld 4.377

Innheimtir skattar

Staðgreiðsla starfsmanna	2.954
Fjármagnstekjuskattur	252
Lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna	617


Alls innheimtir skattar 3.823

Skattaslóð alls 8.200



Verðmætasköpun til samfélagsins

Fjárhagsleg verðmæti 2020 (m.kr.)





Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaga innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“) og tengdra félaga þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyfi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar og tengdra félaga spannar meira en 150 lönd og landssvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 330.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Deloitte ehf. er hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“).

Upplýsingar í þessum bæklingi eru byggðar á gögnum frá stjórnendum Brim hf. Deloitte hefur hvorki staðfest áreiðanleika né sannreynt þau gögn og upplýsingar sérstaklega. Vinna og verklag þessa bæklings getur ekki að nokkru leyti talist vera grundvöllur endurskoðunar eða áreiðanleikakönnunar.

© 2021 Deloitte ehf. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte ehf.